

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Tungusilungur ehf

330802-3270

til að starfrækja land- og kvíaeldi

Tungu, Tálknafirði

Heimilisfang:
Strandgata 39
460 Tálknafjörður

Nafn rekstraraðila: Magnús Kr. Guðmundsson

Kennitala rekstraraðila:

Útgáfudagur: 11.12 2009

Gildir til: 11.12.2021

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.


Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 28.12 2009

Tungusilungur ehf
Magnús Kr. Guðmundsson
Strandgata 39
460 Tálknafjarðarhreppur

Starfsleyfi fyrir land- og kvíaeldi


Á fundi sínum þann 11.12 2009 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Tungusilung ehf. Staðsetning Tunga, Tálknafirði fyrir lax og silungs eldi allt að 200 tonna framleiðslu. Starfsleyfið gildir til 11.12 2021. Fyrirtækið flokkast sem land- og kvíaeldi. Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 19. september 2008 nr. 1063 er árlegt eftirlitsgjald kr 19.000 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 7.600. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um eldi nytjastofna sjávar nr. 33/2002, sem gildi tóku 16. apríl 2002.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi